

## PERMABOND TA4246

Permabond TA4246 er 2ja þátta akrýllím. Ekki er nauðsynlegt að blanda lím og herði (Initiator 46) sérstaklega. Það hefur mikinn styrk og harðnar við herbergishita. Hefur mjög gott höggþol, efnaþol og gagnvart umhverfisáhrifum. Má nota á fjölda efna, svo sem málma, gler og plast. Getur komið í stað hnoða og suðu. Kannið verkun á plastefni fyrir notkun. Þolir hitun (150°C) í skamman tíma við hóflegt álag, og kælingu allt niður í -40°C. Geymsluhitastig: 2° til 7°C.

### Notkunarleiðbeiningar

- 1) Límflatir skulu vera fituhreinsaðir og þurrir. Aseton eða ísóprópanól henta vel til hreinsunar. Málma með oxíðhúð(ál, kopar) er gott að slípa lauslega.
- 2) Berið lítið magn herðis (Initiator 46) á annan flötinn.
- 3) Berið límið á hinn flötinn (um það bil 10 hlutar líms:1 hluti herðis).
- 4) Þrýstið límflötum saman er fljótt og unnt er (innan 2 klst), nægilega fast til að límlagið verði sem þynnst.
- 5) Haldið þrýstingnum á límdu flatina í 2-4 mín.
- 6) Límið nær fullum styrk á sólarhring. Því má hraða með hitun.

### Merking

Þetta eru litlar umbúðir (<125ml) og því ekki skylda að merkja með H- og P setningum.

Tel þó áfram rétt að gera það, sbr. umbúðir Permabond.

Varnaðarsetningar eru það margar að vonlaust er að koma öllum þeim texta fyrir á umbúðum.

Það væri æskilegt að neðangreint kæmist fyrir.



**HÆTTA.** Mjög eldfimur vökvi og gufa. Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Getur valdið ertingu í öndunarfærum. Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. Inniheldur epoxýefnisþætti. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð. Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.

**GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.**

**65 ml / 10 ml herðir**

Dreifing:

Landvélar ehf  
Smiðjuvegi 66d  
200 Kópavogi  
Sími: 580 5800  
[www.landvelar.is](http://www.landvelar.is)